

Bráðabirgða-auglýsing.

um útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918.

Samkvæmt lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, auglýsist hjermeð þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli, að eftirgreindar íslenskar afurðir, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, og ekki verða notaðar í landinu sjálfu, eiga sem fyrst, eftir að þær eru framleiddar, að bjóðast til söluráðstafana nefnd, sem stjórnarráðið hefir skipað og nefnist útflutningsnefnd.

1. fiskur allskonar,
2. síld,
3. lýsi,
4. þorskahrogn,
5. fisk- og síldarmjöl,
6. kindakjöt,
7. ull,
8. gærur,
9. hross.

Útflutningsnefndin hefir skrifstofu í Reykjavík.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar svo og nánari fyrirmæli um sölu greindra afurða verða síðar auglýst.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.